


Stjórnarfundur DA 23.01.2018 klukkan 14:30 í húsnæði HSN á Húsavík.

Mættir: Kristján Þór Magnússon, Steinþór Heiðarsson, Sigurður Guðni Böðvarsson, Drífa Valdimarsdóttir, Olga Gísladóttir og Arnór Benónýsson. Einnig mættir Jón Helgi Björnsson, framkv.stj. Áslaug Halldórsdóttir, Hróðný Lund, Rúnar Bjarnason endurskoðandi félagsins Ásgeir Böðvarsson yfirlæknir og Baldur B. Daníelsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar
Jón Helgi fór yfir rekstraráætlun ársins 2018. Áætlunin gerir ráð fyrir hallalausum rekstri ásamt því að rekstur 2017 verði réttu megin við nállið.
2. Samantekt frá síðasta fundi og næstu skref í skipulagi á dagvist
Rætt um þjónustu við aldraða á svæðinu. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að fara yfir samstarf félagsþjónustu Norðurþings og Hvamms með það fyrir aukum skýra betur hutverk hvors aðila fyrir sig.
3. Niðurstaða í dómsmáli DA og velferðarráðneytis
Rúnar Bjarnason gerði grein fyrir stöðu í dómsmáli DA og velferðarráðneytisins. Málinu var vísað frá vegna aðildarskorts. Rekstri Hvamms er skipt upp með þeim hætti að daglegur rekstur dvalar- og hjúkrunarrýma og rekstur fasteigna eru á sitt hvorri kennitölunni, sem flækki málareksturinn.
4. Fundur fulltrúa stjórnar með ráðherra og ráðuneytisfólki
Fundur með ráðherra og ráðuneytisfólki fór fram 17.01. s.l. Þar kom fram að viðbragða frá ráðuneytinu um þeirra sýn á framtíðarkipan hjúkrunarmála í heraði er að vænta á næstu fjórum vikum. Stjórn DA vill koma á framfæri góðum þökkum til ráðherra og embættismanna ráðuneytisins fyrir að þekkjast boðið hingað norður.
5. Búseturéttaríbúðir – yfirferð og staða
Undirbúningur að stofnun sérstaks félags um búseturéttaríbúðir í Hvammi og íbúðir Leigufélags Hvamms ehf er hafinn.
6. Önnur mál
Önnur mál voru engin.

Fundi slitið klukkan 15:58.


Steinþór Heiðarsson
Sigurður Guðni Böðvarsson
Drífa Valdimarsdóttir
Olga Gísladóttir
Arnór Benónýsson


Jón Helgi Björnsson